

43 mgr. 3. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd. Vatnsskattur sam-
15. maí kvæmt 5. gr. fellur í gjalddaga þegar krafist er.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. júní þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. maí 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

44

16. maí

S A M Þ Y K K T

um sýsluvegasjóð í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Í Skagafjarðarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu, greiðist úr sýsluvegasjóði.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

1. Skarðavegur frá Sauðárkróki á fjallveginn við Heiði í Gönguskörðum.
2. Laxárdalsvegur frá fjallveginum á Grímsáreyrum um Laxárdal að Selvík.
3. Skagavegur frá Selárbrú út efri leið að Hrauni á Skaga.
4. Reykjarstrandarvegur frá Gönguskarðsárbrú að Reykjum á Reykjarströnd.
5. Borgarvegur frá þjóðveginum austan og sunnan Sauðár að svonefndu Vatnsvíki við Áshildarholtsvatn.
6. Sæmundarhlíðarvegur frá þjóðveginum hjá Geitagerði fram Sæmundarhlíð á þjóðveginn á Vatnsskarði.
7. Goðdalavegur frá þjóðveginum sunnan við Reykjarhól að Goðdölum.
8. Kjálkavegur í Akrahreppi frá Norðurá að Merkgili.
9. Blönduhlíðarvegur frá brúnni á austurkvísl Héraðsvatna eða þjóðveginum við hana fram Viðvíkursveit og Blönduhlíð á þjóðveginn utan við Dalsá.
10. Miðvegur frá þjóðveginum hjá Garði í Hegrnesi um Ríp að Eyhildarholti.
11. Hólavegur frá Kolkuósi um Hóla, að Hofsa.
12. Kolbeinsdalsvegur frá Kolkubrú að Unastöðum í Kolbeinsdal.
13. Bæjarvegur frá Hofsósi að Bæ á Höfðaströnd.
14. Sléttuhlíðarvegur frá þjóðveginum við Tjarnir um Skálá að Heiði.
15. Flókadalsvegur frá þjóðveginum vestan Sandóss fram Flókadal vestan Flókadalsvatns að Krakavöllum.
16. Fljótavegur frá Fljótaárbrú austan Fljótaár að Þrasastöðum í Stiflu.
17. Unadalsvegur frá Hofsósi að Bjarnastöðum í Unadal.

18. Deildardalsvegur frá Þjóðveginum norðan Grafaróss, að Kambi í Deildardal. 44
 19. Hrolleifsdalsvegur frá Lónkoti fram Hrolleifsdal að Geirmundarhóli. 16. maí

3. gr.

Fjárframlögum sýsluvegasjóðs til vegagerða skal svo hagað, að sýsluvegirnir eru flokkaðir sem hér segir:

Í fyrsta flokki eru: Blönduhlíðarvegur, Fljótavegur, Goðdalavegur, Hóla-vegur, Laxárdalsvegur, Skarðavegur, Sæmundarhlíðarvegur, Unadalsvegur, Sléttuhlíðarvegur og Flókadalsvegur.

Í öðrum flokki eru allir aðrir sýsluvegir.

Þegar gerð veganna í fyrsta flokki er það langt komin, að ekki er eftir að fullgera nema sjö vegi, getur sýslunefnd með einfaldri samþykkt á aðalfundi sínum, flutt vegi úr öðrum flokki upp í fyrsta flokk, þó svo að aldrei séu fleiri en átta ófullgerðir vegir í þessum vegaflokki.

Til annars flokks vega verður ekki lagt meira fé úr sýsluvegasjóði en sem svarar því fé, er hlutaðeigandi hreppar leggja fram, auk árlegs vegaskatts, og tilsvarendi tillögum rikissjóðs. Kostnaður af framkvæmdarstjórn vegagerðanna, rannsókn og mælingum vegastæða, eftirliti með vegum og lögboðinni slysatryggingu, skal þó greiddur af hinum árlega vegaskatti fyrir alla sýsluvegina.

4. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum fasteignum innan sýslunnar. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi, af ábúanda hvernjar jarðar, en eiganda hvernjar lóðar eða húseignar í kaupþúnum. Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skuli vera það ár vegaskattur af löndum og lóðum, en hann má ekki lægri vera en 2 af hverju þúsundi virðingarverðs samkvæmt fasteignamati, og ekki hærra en 6 af þúsundi, nema samþykki atvinnuáráðherra komi til í hvert sinn. Vegaskattur af húseignum skal jafnan vera helmingi lægri að hlutfallstölu en ákveðið hefir verið af löndum og lóðum.

Þegar ákveðinn er vegaskattur, skal miðað við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbættri eyðslu umfram áætlun undanfarið ár, en að frádregnu áætluðu tillagi rikissjóðs, ef til þess kemur. Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum, teknum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykkt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

5. gr.

Vegaskatt er hreppsfélagi heimilt að greiða úr sveitarsjóði að nokkru eða öllu leyti, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögsmætum sveitarfundi, og sé tilkynningin þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þar til fundarsamþykktin er úr gildi numin með sama hætti. Jafnar þá hreppnefnd skattinn niður með útsvörum og skal hreppnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga. Nú á einhver fasteign í hreppi eða kaupþúni, aðra en jörð í fastri ábúð, eða jarðarhluta, en er þar ekki útsvarsskyldur, eða greiðir þar

44 ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir, og er þá hreppsnefnd heimilt að krefja eiganda um vegaskattinn sem þúsundgjald af eigninni, eftir því sem hann er ákveðinn að lögum. — Gjald þetta hefir lögtaksrétt.

6. gr.

Í verzlunarstöðum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal hálfur vegaskatturinn renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vegagerðar innanhrepps á því ári að minnsta kosti jafnmiklu fé úr sveitarsjóði, sem hálfum vegaskattinum nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hefir til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið með hámarki þeirrar upphæðar á hvern verkfæran mann, sem lög heimila.

7. gr.

Heimilt er sýslunefnd að ákveða einstökum hreppum misjafnt hundradsgjald, er miðist við þau afnot, sem hrepparnir hafa af vegakerfi sýslunnar. Hámark hundradsgjalds í einstökum hreppi má ekki vera meira en 30% herra en meðalgjald í sýslunni.

Nú er lagður akvegur í gegnum hreppinn, eða aðallega í þágu hreppsins, og heimilast þá sýslunefnd að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýslusjóði, að hreppurinn sjái um, að lagt verði fé á móti, eftir nánari ákvæðum sýslunefndar í hvert sinn.

8. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að undanþiggja skattgjaldi að einhverju leyti eyjajarðir ásamt húsum og lóðum á þeim, ennfremur að ívilna að einhverju leyti jörðum, sem eru í mjög háu mati vegna sjávarhlunninda.

Á sama hátt má einnig ívilna þeim kaптúnunum, sem eru sérstakt hreppsfélag og hafa lítil not af vegakerfi sýslunnar.

9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur, sem um sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins yfirstandandi ár.

Afrit af sýsluvegareikningnum, ásamt áætluninni, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

10. gr.

Sýsluvegasjóðurinn skal fá tillög úr rikissjóði, og fer jafnan um rétt hans til þeirra eftir því sem ákveðið er í gildandi lögum um samþykktir um sýsluvegasjóði.

11. gr.

44

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka lögtaki eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885, sbr. 12. gr. laga nr. 102, 19. júní 1933. 16. maí

12. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt þessari skal sá, er sekur verður, greiða 10—200 kr. sekt, er rennur í sýsluvegasjóð, og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

13. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt eru úr gildi numdar samþykkt nr. 14, 16. marz 1926, og samþykkt um breyting á þeirri samþykkt, nr. 86, 18. sept. 1930, og ennfrémur samþykkt nr. 89, 19. sept. 1931 um viðauka við samþykkt nr. 86, 18. sept. 1930, allar um sýsluvegasjóð í Skagafjarðarsýslu.

Samþykkt þessi sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. maí 1934.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

45

fyrir Skagafjarðarsýslu um mat á heyi til sölu. 23. maí

1. gr.

Allt hey, sem selt er kaupanda utanhrepps, eða út úr sýslunni, skal metið og flokkað nema aðiljar séu á annað sáttir. Heimatsmenn skulu einnig hafa umsjón með geymslu heys á matsstað, útskipunarstað eða útflutningsstað eftir að mat fer fram, og með útskipun og meðferð þess, sé það flutt með skipum, og er seljendum eða útflytjendum heysins skylt að hlýða fyrirmælum þeirra um það.

Hverri heysendingu skal fylgja vottorð um að heyið sé skoðað og flokkað eftir réttum reglum og samrit af vottorðunum fylgja farmskránni ef heyið er sent með skipum. Skal sýslumaður eða hreppstjóri votta með undirskrift sinni, að löglega skipaður heimatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans. Sé hreppstjóri sjálfur seljandi heysins eða ekki búsettur á sölustaðnum eða útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þess annan hæfan mann.